

12. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund miðvikudaginn 19. nóvember 2003 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Ríkharður Hrafnkelsson, María Valdimarsdóttir, Kristín Rut Helgadóttir, Vignir Sveinsson, Sigurborg Sturludóttir, Dallilja Inga Steinarsdóttir, Alda Pálsdóttir og Guðfinna D. Arnórsdóttir.

Ríkharður setti fund kl. 17:08.

1. Yfirlit forstöðumanna um starfið.

Íþróttamiðstöð:

Stórt blakmót var haldið síðasta laugardag og strax eftir mótið hófst körfuboltamót sem lauk á sunnudag. Spurning hvort íþróttamiðstöð eigi að fjárfesta í dýnum. Gjaldskrá gistingar myndi þá hækka.

Bréf barst frá Eflingu Stykkishólms, þar sem íþróttamiðstöð var boðið að taka þátt í tilboðsdegi 6. desember nk. Ýmsar umræður um hvernig íþróttamiðstöð komi að þessum degi. Ákveðið að gjald í sundlaugina þennan dag kr. 150.- fyrir fullorðna og 70 kr. fyrir börn.

Félagsmiðstöðin X-ið.

Alltaf líf og fjör í X-inu. Fóru á fund í Ólafsvík 12. nóvember. Heimsóku nýja félagsmiðstöð í Ólafsvík. Mikið rætt um aukið samstarf og ýmsar hugmyndir komu upp.

Æskulýðsball í Borgarnesi 20. nóvember og eru 47 krakkar skráðir.

Katrín Gísladóttir og María Guðrún voru í gær með fræðslu um umhirðu hárs og húðar.

X-kort (afsl.kort) kemur út á næstunni og geta krakkarnir keypt slíkt kort á kr. 1.000 (safna á upp í skjávarpa).

Bingó verður haldið í næstu viku.

2. Bréf v. beiðni um opnun á líkamsræktarstöð í íþróttamiðstöðinni.

Ýmsar umræður um þetta bréf. Eins og er er lítið pláss í íþróttamiðstöðinni. Eini staðurinn er þar sem tækin eru nú. Seinna mun losna svæði þar sem skólastofur eru núna.

Nefndin tekur jákvætt í að þetta mál verði skoðað.

3. Lagfæringar í félagsmiðstöð.

Lagfæra þarf stéttina fyrir framan ásamt rafmagnsleiðslum. Nauðsynlegt að laga þetta sem fyrst.

4. Önnur mál.

Rætt um stefnumörkun í vímuvarnarmálum.

Vignir talaði um að hliðarkörfur vantar í íþróttahúsið. Vignir athugar með verð fyrir næsta fund.

Inga Dalla og Guffý yfirlög fund kl. 18:05.

5. Starfsmaður í heilsársstarf til að sinna æskulýðsmálum.
Ýmsar umræður. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 18:30.

María Valdimarsdóttir (sign.),
Alda Pálsdóttir (sign.),
Vignir Sveinsson (sign.),
Kristín Rut Helgadóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Ríkharður Hrafnkelsson (sign.).